

Nd.

477. Nefndarállit

um frumvarp til laga um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 28, 3. nóv. 1915.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Vjer undirritaðir höfum ekki getað orðið samferða meðnefndarmönnum vorum um þetta mál, með því að vjer teljum eigi fært að gera kosningalög svo úr garði, að nokkur trygging sje fyrir, að allir geti kosið, sem vilja og kosningarrjett hafa. Oss er ekki kunnugt um, að óánægja hafi verið yfir því fyrirkomulagi, sem nú er, og vitum eigi til, að neitt hafi að því kveðið, að kjósendur hafi eigi getað neytt kosningarrjettar vegna þess, hversu skamman tíma kosningarathöfnin stendur yfir. Og víst er um það, að hvort sem frv. verður samþykkt með eða án þeirra breytinga, sem minni hluti nefndarinnar flytur, er samt eigi trygt, að allir geti greitt atkvæði, sem vilja. Slíkt verður að eins trygt með heimakosningum, en ekki vitum vjer til, að þær sju neinstaðar lögleiddar, og þar sem vjer þekkjum til er kosið á einum og sama degi.

Kosning, sem stendur tvo daga eða fleiri, mundi naumast fara eins tryggilega fram og nú er og hún mundi verða töluvert dýrari; hún mundi auka kjörstjórnnum mikla fyrirhöfn, og síðast en ekki sist valda tortrygni gegn kjörstjórnnum, sem yrðu að hafa atkvæðakassana undir hendi milli kosningadaganna. Hún mundi enn fremur leiða til eða geta leitt til atkvæðasmölunar, sem ekki er eftirsóknarverð. Ef illa vill til um veður, er heimild í gildandi kosningalögum til að boða til kosninga af nýju, og virðist vel mega við það una. Þessi heimild mundi síður notuð, ef kosningaathöfnin stæði fleiri daga en einn, og gæti þetta jafnvel orðið verra fyrir þá, sem hafa ætlað sjer að kjósa á seinni eða síðasta deginum, ef svo hittist á, að þá er ófært veður.

Vjer ráðum því háttv. deild til að fella frumvarpið.

Alþingi, 26. apríl 1923.

Jón Porláksson,
form.

Magnús Guðmundsson,
frsm.

Björn Hallsson.